

Pétur Ingi Haraldsson,  
Skipulagsfulltrúi Uppsveita Bs.  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 18. nóvember 2013  
Tilvísun: UST20131000121/ksj

## Lýsing deiliskipulagsáætlunar fyrir Efri Reyki, lóð 2, Bláskógabyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Uppsveita bs. er barst 15. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsing vegna deiliskipulags í landi Efri Reykja. Fyrirhugað er að byggja upp á lóð í landi Efri Reykja, sótt verður um leyfi til stofnunar lögbýlis á ofangreindri lóð.

### Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið sem lóðin Efri-Reykir, lóð 2 nær yfir er staðsett austan Brúarár í kverk við Fullsæl. Fram kemur í greinargerð að landið innan lóðarinnar er vaxið mólendis- og mýrargróðri og hallar til norð-vesturs.

### Náttúruminjar

Brúar og Brúarskörð eru svæði nr. 739 á náttúruminjaskrá og segir um svæðið í skránni: „Brúará frá upptökum í Brúarskörðum og niður að ármótum Hvítár ásamt 200 m spildu beggja vegna árinnar. Lindá með óvenjulegum fossi, Brúarfossi. Fjöskrúðugur gróður og fuglalif. Tilkomumikið landslag í Brúarskörðum.“

### Tillaga að deiliskipulagi

Með lýsingu fylgir uppdráttur er sýnir tillögu að uppbyggingu á ofangreindu svæði. Aðkeyrsla að svæðinu og áætlaðir byggingarreitir ( fyrir íbúðarhús allt að 180 m<sup>2</sup>, gestahús allt að 40 m<sup>2</sup> og skemmu allt að 300 m<sup>2</sup> ) eru alfarið inni á svæði á náttúruminjaskrá. Við uppbyggingu innan svæðis á náttúruminjaskrá myndi svæðið verða fyrir miklu raski og taka breytingum vegna framkvæmda, sem myndi hafa í för með sér að útvistargildi og verndargildi svæðisins myndi rýrna. Í núverandi aðalskipulagi Bláskógabyggðar er svæðið á skilgreindu landbúnaðarsvæði. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að ekki verði framkvæmt á svæði innan 200 metra frá Brúará.

## Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar mun uppbygging íbúðarhúss, gestahúss og 300 fermetra skemmu í nálægð v. Brúará og inni á svæði á náttúruminjaskrá rýra útvistar- og verndargildi svæðisins. Umhverfisstofnun leggst gegn svo mikilli uppbyggingu inni á ofangreindu svæði, sem er á náttúruminjaskrá.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir

Kristín S Jónsdóttir

Sérfræðingur

A. Birna Guðrún

Aðalbjörg B Guttormsdóttir

Teymisstjóri

Skipulagsstofnun